

1948 nr. 44 5. apríl**Lög um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnnsins**

Tóku gildi 7. apríl 1948. Breytt með l. 45/1974 (tóku gildi 5. júní 1974), l. 75/1982 (tóku gildi 10. júní 1982) og l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra eða atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti sem fer með lög þessi.

■ **1. gr.** [Ráðuneytið]¹⁾ skal með reglugerð²⁾ ákvarða takmörk verndarsvæða við strendur landsins innan endimarka landgrunnnsins, [eða á hafsvæði allt að 200 sjómílum utan við grunnlínu],³⁾ þar sem allar veiðar skuli háðar íslenskum reglum og eftirliti, enda verði friðun á landgrunninu á engan hátt rýrð frá því, sem verið hefur. Ráðuneytið skal einnig ákvarða allar þær reglur,⁴⁾ sem nauðsynlegar eru til verndar fiskimiðunum á ofangreindum svæðum. Ráðstafanir þessar skulu gerðar að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands og Atvinnudeildar Háskóla Íslands.

□ Reglugerðin skal endurskoðuð eftir því, sem vísindalegar rannsóknir gefa tilefni til.

¹⁾ L. 126/2011, 23. gr. ²⁾ Rg. 299/1975, sbr. 17/1976 og 318/1979 (um fiskveiði-

landhelgi Íslands). ³⁾ L. 45/1974, 1. gr. ⁴⁾ Rg. 78/1978 (um skelfiskveiðar). Rg. 200/1975 (um takmarkaða heimild til hringnótaveiða).

■ **2. gr.** Reglum þeim, sem settar verða samkvæmt 1. gr. laga þessara, skal framfylgt þannig, að þær séu ávallt í samræmi við milliríkjasamninga um þessi mál, sem Ísland er aðili að á hverjum tíma.

■ **3. gr.** [Brot á reglum, sem settar verða samkvæmt 1. gr. laga þessara, varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 62 18. maí 1967,¹⁾ um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, með síðari breytingum, laga nr. 40 9. júní 1960,²⁾ um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti, laga nr. 33 19. júní 1922,³⁾ um rétt til fiskveiða í landhelgi, með síðari breytingum eða, ef um brot er að ræða, sem ekki fellur undir framangreind lög, sektum . . . ⁴⁾⁵⁾

¹⁾ Nú l. 79/1997. ²⁾ L. 40/1960 eru úr gildi fallin, sbr. l. 102/1973, 2. mgr. 17. gr. ³⁾ Nú l. 79/1997. ⁴⁾ L. 75/1982, 27. gr. ⁵⁾ L. 45/1974, 2. gr.

■ **4. gr.** [Ráðuneytið]¹⁾ skal, eftir því sem unnt er, taka þátt í alþjóðlegum vísindarannsóknum, er miða að verndun fiskimiða.

¹⁾ L. 126/2011, 23. gr.